

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokks um vikulega tölvupósta borgarstjóra til starfsmanna

Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs þann 5. október sl. lögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks fram svohljóðandi fyrirspurn:

Borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, sendir vikulega tölvupósta þar sem hann fer yfir það helsta sem er að gerast í borginni á hverjum tíma í bland við persónulegar fréttir til dæmis af samgönguviku, heimsóknunum í leikskóla og gengi landsliðsins í knattspyrnu svo eitthvað sé nefnt. Föstudaginn 25. september brá svo við að borgarstjóri notaði þennan vikulega póst til að segja sína skoðun á pólitískum átökum vikunnar þar sem hann hafði einhliða og rangt eftir ummæli borgarfulltrúa minnihlutans, Áslaugar Friðriksdóttur, varðandi velferðarmál.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði vilja í því samhengi beina eftirfarandi spurningum til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

1. Er tölvupóstkerfið og listi yfir viðtakendur sem borgarstjóri notar í vikulega pósta sína eitthvað tengt tölvupóstkerfi eða gagnagrunnum borgarinnar?
2. Var starfsfólk borgarinnar sett á lista yfir viðtakendur án þess að hafa skráð sig sérstaklega á þann lista?
3. Er tilhögun póstsendinganna og lista yfir viðtakendur í samræmi við reglur um persónuvernd?
4. Er réttlætt að senda út slíka tölvupósta á allan þann fjölda þar sem eingöngu sé um að ræða hlutlæga upplýsingaveitu embættisins borgarstjóra um það sem er að gerast í borginni?
5. Er talið falla þar undir að borgarstjóri noti þann vettvang í eigin pólitísku skoðanir og jafnvel einhliða brigslyrði gagnvart pólitískum andstæðingum sem hafa ekki tók á að verja sig á sama vettvangi?
6. Getur minnihluti borgarstjórnar fengið sama póstaðgang að borgarstarfsmönnum í sínum pólitíska tilgangi?

Svar:

Dagur B. Eggertsson sendi sem borgarstjóri sinn fyrsta vikulega pistil til starfsmanna

Reykjavíkurborgar þann 8. ágúst 2014 þar sem farið var yfir það helsta sem á daga borgarstjóra hafði drifið síðastiðna viku. Eins og segir í inngangi pistilsins hóf hann vikulegar útsendingar þar sem kallað var eftir því að borgarstjóri miðli upplýsingum reglulega og sé í góðu sambandi við starfsfólk borgarinnar. Í pistlinum hvatti borgarstjóri starfsmenn til þess að benda á hvernig hægt væri að gera betur og þróa þennan miðil og tekið var fram að hægt væri að afskrá sig af listanum ef einhver kærði sig ekki um að fá póstinn. Æ síðan hefur borgarstjóri sent pistilinn út vikulega og einfalt hefur verið fyrir starfsmenn að skrá sig af póstlistanum.

Það kerfi sem borgarstjóri notar til útsendinga á sinn póstlista tengist ekki á neinn hátt innri kerfum eða gagnagrunnum borgarinnar. Heildarlisti yfir netföng starfsmanna var notaður til að setja upp upphaflegan póstlista og var sá listi uppfærður fyrir póstlista borgarstjóra í maí 2015.

Notkun á netfangalista starfsmanna Reykjavíkurborgar verður að teljast falla undir gildissvið laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000. Vinnslan, í þessu tilviki notkunin á netfangalistanum, þarf því að eiga sér stoð í 8. gr. laga um persónuvernd. Í lögum nr. 77/2000 er m.a. mælt fyrir um heimild til að vinna með persónuupplýsingar sé það nauðsynlegt til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila, vegna verks sem unnið er í þágu almannahagsmuna eða við beitingu opinbers valds, sbr. 3., 5. og 6. tölul. 1. mgr. 8.gr. laganna. Vinnsla stjórnvalda á persónuupplýsingum getur talist heimil samkvæmt þessum ákvæðum, að því gefnu að hún samrýmist hlutverki viðkomandi stjórnvalds eins og það er skilgreint í lögum.

Útsending upplýsinga í vikulegum pistli um störf borgarstjóra til starfsmanna borgarinnar samrýmist hlutverki hans sem framkvæmdarstjóra sveitarfélagsins. Til hliðsjónar má skoða úrskurð Persónuverndar í máli [448/2015](#). Borgarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarstjórnar og æðsti yfirmaður starfsmanna borgarinnar sbr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Efni umræddra pósta eru málefni borgarinnar og upplýsingar um hvað sé á döfinni í starfi borgarstjóra. Ekki er talið að netfangalistinn hafi verið notaður til miðlunar á efni sem er starfi borgarstjóra óviðkomandi þrátt fyrir að borgarstjóri hafi skoðun á málefnum þeim sem í póstana rata. Af þeim sökum er notkun borgarstjóra á umræddum netfangalista til útsendingar á upplýsingum til starfsmanna Reykjavíkurborgar talin vera í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og einnig í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um tölvunotkun.

Skv. ofansögðu verður ekki séð að aðrir borgarfulltrúar hafi heimild til að senda starfsmönnum Reykjavíkurborgar fjöldatölvupósta.

Helga Björg Ragnarsdóttir
skrifstofustjóri borgarstjóra og borgarritara

#